

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

140. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 13. febrúar kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit – seinni umræða:
3. Almannaþingir Þingeyinga – endurskoðun samstarfssamnings um almannaþingir:
4. Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.:
5. Sorpmál:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 812. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 250. fundar stjórnar Eypings:
- c) Fundargerð 1. fundar fulltrúaráðs Eypings:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 4. lið; fundargerð Brunavarnanefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 28.01.2014 og undir 5. lið; aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2014. Aðrir liðið færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit – seinni umræða:

Lögð fram drög að siðareglum kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur sveitarstjóra að senda siðareglurnar innanríkisráðuneytinu til staðfestingar.

3. Almannaþingir Þingeyinga – endurskoðun samstarfssamnings um almannaþingir:

Fyrir fundinum liggur erindi dags. 27. janúar s.l. frá Friðriki Jónssyni framkvæmdastjóra almannaþingarnefndar Þingeyinga og Svavari Pálssyni sýslumanni. Í erindinu segir að á fundi almannaþingarnefndar Þingeyinga þann 11. desember s.l. var fjallað um endurskoðun á samstarfssamningi sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslu um almannaþingir. Gildandi samstarfssamningur er frá árinu 1999. Auk umtalsverðra breytinga á skipan sveitarfélaga á svæðinu, breyttu ákvæði laga um almannaþingir nr. 82/2008 hlutverki almannaþingarnefndar umtalsvert. Óskað er eftir því að tilnefndur verði fulltrúi sveitarfélagsins í nefnd um endurskoðun samstarfssamningsins.

Samþykkt að tilnefna sveitarstjóra sem fulltrúa Þingeyjarsveitar í nefndina.

4. Fundargerð Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 28.01.2014:

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 28. janúar s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í tveimur liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2014:

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2014 sem haldinn verður 23. febrúar n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

6. Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.:

Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga tekin til afgreiðslu.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 35.000.000 kr., í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2014, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Dagbjörtu Jónsdóttur k.t. 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánasamninginn við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.

7. Sorpmál:

Staðið hefur yfir vinna á vegum Sorpsamlags Þingeyinga fyrir sveitarfélögin innan þess um mat á leiðum við flokkun, söfnun, meðhöndlun og flutning úrgangs.

Samþykkt að skipa starfshóp til að vinna frekar að framtíðarskipulagi sorpmála í Þingeyjarsveit út frá þeim upplýsingum sem nú þegar liggja fyrir. Í starfshópnum sitji Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Margrét Bjarnadóttir auk sveitarstjóra. Starfshópurinn skal kynna hugmyndir og tillögur sínar fyrir sveitarstjórn að vinnu lokinni. Í framhaldinu stefnir sveitarstjórn á samráðsfundi með íbúum sveitarfélagsins um framgang málsins.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 812. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 250. fundar stjórnar Eyþings:
- c) Fundargerð 1. fundar fulltrúaráðs Eyþings:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:00

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson